

Ingibjörg Þorsteinsdóttir dómstjóri  
Héraðsdómur Reykjavíkur  
Dómhúsinu við Lækjartorg  
101 Reykjavík

## BEIÐNI UM FLÝTÍMEÐFERÐ

Með vísan til 1. mgr. 123. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er þess óskað að mál sem Blaðamannafélag Íslands, kt. 690372-0109, Síðumúla 23, 108 Reykjavík, hyggst höfða fyrir dóminum á hendur íslenska ríkinu, kt. 5402696459, Vegmúla 3, 108 Reykjavík, verði látið sæta flýtimeðferð eftir ákvæðum XIX. kafla sömu laga. Samhliða er óskað útgáfu hjálagðrar réttarstefnu.

Málið lýtur að viðurkenningu réttinda félagsmanna Blaðamannafélags Íslands til að stunda blaðamannastörf í Grindavík þrátt fyrir ákvörðun ríkislögreglustjóra um rýmingu svæðisins og án sérstaks leyfis lögreglustjórans á Suðurnesjum. Sakarefnið varðar ákvörðun eða athöfn stjórnvalds í skilningi 1. mgr. 123. gr. laga nr. 91/1991.

Úrlausn sakarefnisins varðar stórfellda hagsmuni félagsmanna stefnanda og raunar alls almennings. Í hinum umdeildu ákvörðunum og athöfnum stjórnvalda felst að félagsmönnum stefnanda, sem eru starfsmenn allra fjölmiðla landsins, njóta einungis mjög takmarkaðs aðgangs að Grindavík og þar með mjög skertra möguleika til að fjalla um og flytja fréttir af þeim sögulegu atburðum og samfélagslega mikilvægu ráðstöfunum stjórnvalda sem þar eiga sér stað um þessar mundir. Auk þess sem málið varðar mikilvæg og stjórnarskrármælt réttindi félagsmanna stefnanda varðar það jafnframt möguleika alls almennings í landinu til að fá aðgang að umfjöllun frjálsra fjölmiðla um framangreinda atburði og ráðstafanir. Viðurkennt er að aðgangur almennings að umfjöllun frjálsra fjölmiðla um samfélagslega mikilvæg málefni sem þessi er meðal hornsteina lýðræðisins.

Þær takmarkanir á aðgangi félagsmanna stefnanda að Grindavík sem um er deilt hafa þegar staðið yfir um nokkurt skeið og fyrir liggur að þær munu vara áfram að óbreyttu. Í ljósi mikilvægis þeirra hagsmuna sem skertir eru með þessum takmörkunum, eðlis þeirra atburða sem nú eru yfirstandandi og þess eðlis fjölmiðlaumfjöllunar að beinast jafnan að málefnum líðandi stundar er afar brýn þörf fyrir hendi á skjótri úrlausn málsins. Fyrir liggur að þær aðstæður sem nú ríkja eru tímabundnar í eðli sínu og möguleikar fjölmiðla til að afla upplýsinga um og varpa ljósi á þær jafnóðum eru háðir því að aðgangur fái að því svæði þar sem þeir eiga sér stað í rauntíma. Sá tími sem líður án þess að félagsmenn stefnanda fái að stunda störf sín í Grindavík er ekki afturkræfur og ólögmetar ráðstafanir stjórnvalda sem komið hafa í veg fyrir það er ekki unnt að leiðrétta með afturvirkum hætti. Flýtimeðferð þessa máls er þannig forsenda þess að félagsmenn stefnanda eigi raunhæfa möguleika á því að fá notið þeirra réttinda sem þeir leita viðurkenningar á með fyrirliggjandi málshöfðun.

Með vísan til þess alls framangreinds er þess óskað að mál þetta sæti flýtimeðferð eftir XIX. kafla laga nr. 91/1991 og að hjálögð réttarstefna vegna málsins verði gefin út af dóminum.

Reykjavík, 7. febrúar 2024,  
f.h. Blaðamannafélags Íslands,

  
Flóki Ásgeirsson lögmaður

Fylgiskjöl:

1. Réttarstefna
2. Skrá yfir framlögð skjöl
3. Lög stefnanda
4. Tilkygning ríkislögreglustjóra 13. janúar 2024
5. Tilkygning ríkislögreglustjóra 28. janúar 2024
6. Tilkygning ríkislögreglustjóra 29. janúar 2024
7. Erindi stefnanda til lögreglustjórans á Suðurnesjum 1. febrúar 2024
8. Tilkygning ríkislögreglustjóra 2. febrúar 2024 kl. 18:05
9. Tilkygning ríkislögreglustjóra 2. febrúar 2024 kl. 22:50
10. Tölvupóstur frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum 4. febrúar 2024
11. Tilkygning lögreglustjórans á Suðurnesjum 5. febrúar 2024
12. Tilkygning ríkislögreglustjóra 5. febrúar 2024